



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Málsnr.: R16040072
Skjalasafn Ráðhúss
12. apríl 2016
Bréfalykill: 4400

Reykjavík, 7. apríl 2016
SFS2016010028
4.4

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Reglur um innritun og útskrift nemenda í Klettaskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs 6. apríl sl., var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs dags. 7. mars 2016, um reglur um innritun og útskrift nemenda í Klettaskóla. Jafnframt lögð fram drög að reglum um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla, núgildandi reglur um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla og minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. janúar 2016, um reglurnar. Ennfremur lagðar fram umsagnir skólaráðs Klettaskóla og foreldrafélags Klettaskóla, dags. 2. febrúar 2016, varðandi reglur um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla.

Samþykkt og vísað til borgarráðs að reglur um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla taki gildi 15. maí 2016 með fyrirvara um staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um innritun og útskrift nemenda í Klettaskóla frá 25. janúar 2013.


Tekið er fram að 20. gr. reglugerðar nr. 585/2010, með síðari breytingum, um stuðning við nemendum með sérþarfir í grunnskóla, kveður á um að ráðherra staðfesti reglur sveitarfélags um innritun og útskrift nemenda úr sérskóla eða sérúræða sem stofnað er til skv. 42. gr. laga um grunnskóla. Innritunarreglur skulu birtar opinberlega.

Skv. 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um samþykktir og aðrar reglur sem skv. lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.

Að lokinni staðfestingu ráðherra þarf að birta reglurnar í B-deild Stjórnartíðinda.

Framangreindri samþykkt er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst


Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 7. mars 2016



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Reglur um innritun og útskrift nemenda í Klettaskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 13. janúar 2016, var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. janúar 2016, um reglur um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla. Jafnframt voru lögð fram til kynningar drög að reglum um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla og nógildandi reglur um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla.

Tekið er fram að gerð var breyting á drögunum frá því sem fram kemur í minnisblaði sviðsstjóra, dags. 13. janúar 2016, áður en þær voru sendar til umsagnar skólaráðs og foreldraráðs Klettaskóla. Bætt var við kafla 1, 3. gr. b lið nýju ákvæði iv sem hljóðar svo:

Séu umsóknir fleiri en þau pláss sem eru til ráðstöfunar í skólanum, forgangsraðar fagráð umsóknum eftir því hve hamlandi fötlun umsækjenda er og gerir tillögu um röðun þeirra í þau pláss sem eru til ráðstöfunar.

Umsagnir skólaráðs og foreldrafélags Klettaskóla, dags. 2. febrúar 2016, liggja fyrir, sjá fylgiskjöl.

Í umsögn skólaráðs koma fram vangaveltur um hvort rétt væri að setja viðmið varðandi forgangsröðun um inntöku og hvort fagráð um innritun setji slík viðmið áður en inntaka fer fram. Þar sem yfirleitt er um að ræða mjög flóknar fatlanir umsækjenda er afar vandasamt að setja fram skýr viðmið um forgangsröðun umsókna. Til að skerpa á forgangsröðun er hins vegar lagt til eftirfarandi breytinga á texta í kafla 1, 3. gr. b lið ákvæði iv:

Séu umsóknir fleiri en þau pláss sem eru til ráðstöfunar í skólanum, forgangsraðar fagráð umsóknum eftir því hve hamlandi fötlun umsækjenda er *varðandi nám og skólagöngu* og gerir tillögu um röðun þeirra í þau pláss sem eru til ráðstöfunar.

Einnig kemur fram í umsögn skólaráðs að aðstæður í heimaskóla nemenda varðandi aðgengi geti verið mjög hamlandi fyrir t.d. nemanda með hreyfihömlun og hvort geta ætti þess sérstaklega í reglunum. Í kafla 1, 3. gr. sem fjallar um þá þætti sem tillögur fagráðs taki mið af, a lið iv er lagt til eftirfarandi breyting:

Hvort aðstæður og þau úrræði *p.m.t. aðgengi*, sem nemandinn hefur notið eða eru möguleg í heimaskóla séu líkleg til að stuðla að framförum hjá nemandanum náms- og félagslega og í almennum þroska.

Foreldrafélag Klettaskóla gerir ekki athugasemdir við breytingar á reglum um inntöku og útskrift úr Klettaskóla.

Lagt er til að reglurnar taki gildi 15. maí 2016 með fyrirvara um staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis en reglurnar taka ekki gildi nema ráðuneytið staðfesti þær.

Með samþykkt skóla- og frístundaráðs og borgarráðs og staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis falla úr gildi þann 15. maí 2016 reglur um innritun og útskrift nemenda í Klettaskóla frá 25. janúar 2013.

DRÖG

Markmið reglna um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla er m.a. að tryggja jafnræði við umfjöllun umsókna og vandaða stjórnslu við afgreiðslu þeirra.

1. Innritun í Klettaskóla.

1. Klettaskóli er einn af grunnskólum Reykjavíkur og er sérskóli fyrir nemendur með þroskahömlun. Skólinn er fyrir nemendur með:
 - miðlungs, alvarlega og djúpa þroskahömlun með eða án viðbótarfatlana
 - væga þroskahömlun og skilgreinda viðbótarfötlun/fatlanir s.s. einhverfu, blindu, heyrnarleysi og alvarlega hreyfihömlun.
2. Foreldrar geta sótt um skólavist í Klettaskóla fyrir barn sitt, telji þeir, skólastjórnendur og sérfræðingar að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla. Foreldrum, sem hyggjast sækja um skólavist fyrir barn sitt skal kynntur skólinn með heimsókn foreldris og barns, að teknu tilliti til aldurs þess og þroska áður en umsókn er tekin fyrir. Umsóknum vegna komandi skólaárs skal skila til skólans fyrir 1. mars ár hvert.
3. Fagráð um innritun er við skólann og leggur það tillögur sínar um afgreiðslu umsókna, fyrir skólastjóra. Allar athuganir fagráðs skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra sem skulu hafa samráð við barn sitt að teknu tilliti til aldurs þess og þroska.
 - a. Tillögur fagráðs taka mið af:
 - i. Fyrirliggjandi greiningum um fötlun nemandans frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
 - ii. Mati á stöðu nemandans í námi. Í matinu skal taka tillit til aðstæðna nemandans og heildarhagsmuna s.s. stöðu hans í einstökum námsgreinum, virkni hans og félagsstöðu og líðan í skóla. Gæta skal þess að nemandinn eigi þess kost að tjá sig um niðurstöður matsins og koma á framfæri sjónarmiðum sínum sem kostur er. Skólastjóri Klettaskóla kallar eftir matinu frá skóla/leikskóla nemandans og sérfræðiþjónustu að fengnu samþykki foreldra og skulu þeim kynntar niðurstöður námsmatsins.
 - iii. Hvort aðstæður og möguleikar í skólanum/námshópnum séu líklegar til að stuðla að framförum hjá nemandanum náms- og félagslega og í almennum þroska.
 - iv. Hvort aðstæður og þau úrræði *p.m.t. aðgengi*, sem nemandinn hefur notið eða eru möguleg í heimaskóla séu líkleg til að stuðla að framförum hjá nemandanum náms- og félagslega og í almennum þroska.
 - v. Óskum foreldra og nemandans að teknu tilliti til aldurs hans og þroska.

vi. Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010.

b. Starfshættir fagráðs:

- i. Fagráð getur kallað til sín einstaka aðila innan Klettaskóla, s.s. deildarstjóra eða félagsráðgjafa, til að meta hvort aðstæður í skólanum/námshópnum eru líklegar til að stuðla að framförum hjá nemandanum náms- og félagslega og í almennum þroska.
- ii. Fagráð getur kallað til sín sérfræðinga utan skólans í námi og skólagöngu fatlaðra barna og sérfræðinga varðandi fötlun barnsins. Gefa skal foreldrum kost á að hafa áhrif á val á sérfræðingum.
- iii. Fagráð getur eftir þörfum kallað eftir viðbótarupplýsingum varðandi einstaka umsóknir, s.s. frá sérfræðiþjónustu við skóla og/eða falið sérkennara í Klettaskóla að fylgjast með nemandanum í aðstæðum í leik- eða grunnskóla enda hafi foreldrar samþykkt slíkt.
- iv. *Séu umsóknir fleiri en þau pláss sem eru til ráðstöfunar í skólanum, forgagnsraðar fagráð umsóknunum eftir því hve hamlandi fötlun umsækjenda varðandi nám og skólagöngu er og gerir tillögu um röðun þeirra í þau pláss sem eru til ráðstöfunar.*
- v. Tillögur fagráðs um innritun vegna komandi skólaárs skulu liggja fyrir 15. apríl ár hvert.

4. Afgreiðsla umsókna:

- a. Skólastjóri tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsókna á grundvelli tillagna fagráðs enda hafi fagráð tekið mið af ofangreindu.
 - i. Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra.
 - ii. Sé lagt til að umsókn verði synjað skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra, þar sem ákvörðun um fyrirhugaða synjun er rökstudd ítarlega. Gera skal grein fyrir afstöðu til allra sjónarmiða sem færð hafa verið fram og hvernig þau varða heildarhagsmuni barnsins. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun.
 - iii. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.
 - iv. Sé umsókn synjað þar sem plássleysi í skólanum hamlar skal foreldrum gefinn kostur á að halda umsókn sinni inni í skólanum virkri til umfjöllunar síðar.
 - v. Afgreiðslu umsókna vegna komandi skólaárs skal vera lokið 20. maí ár hvert.

DRÖG

5. Skipan fagráðs:

- a. Í fagráði skólans situr skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Klettaskóla, sérfræðingur á sviði fatlana barna og sérfræðingur skóla- og frístundasviðs á sviði sérkennslumála.

2. Útskrift úr Klettaskóla

1. Útskrift að loknu grunnskólanámi:

- a. Hefja skal gerð áætlunar um skólaskil ekki síðar en í 9. bekk.
- b. Að mótun og gerð áætlunarinnar koma kennarar nemandans í Klettaskóla, fagaðilar um nám hans og skólagöngu innan og/eða utan skólans, nemandinn sjálfur og foreldrar hans.
- c. Í áætluninni skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans og skulu koma fram upplýsingar um skólagöngu hans, náms- og félagslega stöðu, einstaklingsnámskrá, áform hans um frekara nám og áhugamál.
- d. Í áætluninni skal koma fram hvernig vali á framhaldsnámi/skóla er háttað, kynningum á þeim möguleikum sem fyrir hendi eru og aðlögun í nýjan skóla.

2. Útskrift úr Klettaskóla í annan grunnskóla:

- a. Telji fagfólk skólans að nemandi fái betur notið náms og kennslu við hæfi í almennum grunnskóla skulu foreldrar upplýstir um það.
- b. Sé tekin ákvörðun um að flytja nemanda í annan grunnskóla meðan á grunnskólagöngu stendur skal gera áætlun um lok skólavistar í Klettaskóla og aðlögun í nýjan skóla.
- c. Að mótun og gerð áætlunarinnar koma kennarar nemandans í Klettaskóla, fagaðilar um nám hans og skólagöngu innan og/eða utan skólans, kennari/sérkennari í nýjum heimaskóla, nemandinn og foreldrar hans.
- d. Í áætluninni skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans og skulu m.a. koma fram upplýsingar um skólagöngu hans, náms- og félagslega stöðu, einstaklingsnámskrá, virkni og líðan. Í henni skal einnig vera áætlun um aðlögun í nýjan skóla og eftirfylgd með nemandanum frá Klettaskóla.
- e. Verði ágreiningur um útskrift nemanda úr Klettaskóla í almennan grunnskóla tekur skólastjóri Klettaskóla endanlega ákvörðun sbr. 21. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 584/2010. Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af áliti sérfræðinga og foreldra og með heildarhagsmuni barnsins að leiðarljósi. Ávallt skal reyna til þrautar að ná samkomulagi milli foreldra, skóla og sérfræðinga. Foreldrum nemanda skal gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og andmælum áður en ákvörðun er tekin um að færa nemanda í annan grunnskóla. Sé ákvörðun tekin um að flytja nemanda í

DRÖG

annan grunnskóla skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðun skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Reglurnar eru settar á grundvelli 20. greinar reglugerðar nr. 585/2010, sbr. einnig reglugerð nr. 148/2015, um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

Reglurnar taka gildi 15. maí 2016. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla frá 25. janúar 2013.

Reglur um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla

Reglur um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla á grundvelli 20. greinar reglugerðar um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010 með síðari breytingum. Reglurnar tóku gildi frá og með 25. janúar 2013. Endurskoðun þeirra fór fram í kjölfar reglugerðar um breytingu á reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 148/2015.

Markmið reglna um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla er m.a. að tryggja jafnræði við umfjöllun umsókna og vandaða stjórnsýslu við afgreiðslu þeirra. (sbr. Stjórnsýslulög nr. 37/1993)

1. Innritun í Klettaskóla.

- Klettaskóli er einn af grunnskólum Reykjavíkur og er sérskóli fyrir nemendur með þroskahömlun. Skólinn er fyrir nemendur með:
 1. miðlungs, alvarlega og djúpa þroskahömlun með eða án viðbótarfatlana
 2. væga þroskahömlun og skilgreinda viðbótarfötlun/fatlanir s.s. einhverfu, blindu, heyrnarleysi og alvarlega hreyfihömlun.
- Foreldrar geta sótt um skólavist í Klettaskóla fyrir barn sitt, telji þeir, skólastjórnendur, kennarar eða aðrir sérfræðingar að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennum grunnskóla. Foreldrum, sem hyggjast sækja um skólavist fyrir barn sitt skal kynntur skólinn með heimsókn foreldris og barns, að teknu tilliti til aldurs þess og þroska áður en umsókn er tekin fyrir. Umsóknum vegna komandi skólaárs skal skila til skólans fyrir 1. mars ár hvert.
- Fagráð um innritun er við skólann og leggur það tillögur sínar um afgreiðslu umsókna, fyrir skólastjóra.
 - Tillögur fagráðs taka mið af:
 - ✓ fyrirbyggjandi greiningum um fötlun nemandans frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
 - ✓ mati á stöðu nemandans í námi. Í matinu skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans s.s. stöðu hans í einstökum námsgreinum, virkni hans og félagsstöðu og líðan í skóla. Skólastjóri Klettaskóla kallar eftir matinu frá skóla/leikskóla nemandans og sérfræðiþjónustu að fengnu samþykki foreldra og skulu þeim kynntar niðurstöður námsmatsins
 - ✓ hvort aðstæður og möguleikar í skólanum/námshópnum séu líklegar til að stuðla að framförum hjá nemandanum náms- og félagslega og í almennum þroska
 - ✓ hvort aðstæður og þau úrræði sem nemandinn hefur notið eða eru möguleg í heimaskóla séu líkleg til að stuðla að framförum hjá nemandanum náms- og félagslega og í almennum þroska

Reglur um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla

- ✓ óskum foreldra og nemandans að teknu tilliti til aldurs hans og þroska
- ✓ lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010
- Starfshættir fagráðs:
 - ✓ Fagrád getur kallað til sín einstaka aðila innan Klettaskóla, s.s. deildarstjóra eða félagsráðgjafa, til að meta hvort aðstæður í skólanum/námshópnum eru líklegar til að stuðla að framförum hjá nemandanum náms- og félagslega og í almennum þroska.
 - ✓ Fagrád getur kallað til sín sérfræðinga utan skólans í námi og skólagöngu fatlaðra barna og sérfræðinga varðandi fötlun barnsins. Gefa skal foreldrum kost á að hafa áhrif á val á sérfræðingum
 - ✓ Fagrád getur eftir þörfum kallað eftir viðbótarupplýsingum varðandi einstaka umsóknir, s.s. frá sérfræðipjónustu við skóla og/eða falið sérkennara í Klettaskóla að fylgjast með nemandanum í aðstæðum í leik- eða grunnskóla enda hafi foreldrar samþykkt slíkt.
 - ✓ Tillögur fagráðs um innritun vegna komandi skólaárs skulu liggja fyrir 25. apríl ár hvert.
- Afgreiðsla umsókna:
 - Skólastjóri tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsókna á grundvelli tillagna fagráðs enda hafi fagrád tekið mið af ofangreindu.
 - ✓ Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra
 - ✓ Sé lagt til að umsókn verði hafnað skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra, þar sem ákvörðun um fyrirhugaða synjun er rökstudd ítarlega. Gera skal grein fyrir afstöðu til allra sjónarmiða sem færð hafa verið fram og hvernig þau varða heildarhagsmuni barnsins. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun.
 - ✓ Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra og upplýsa þá um kærurétt skv. 47. gr. Laga um grunnskóla nr. 91/2008.
 - ✓ Afgreiðslu umsókna vegna komandi skólaárs skal vera lokið 20. maí ár hvert
- Skipan fagráðs:
 - Í fagráði skólans situr skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Klettaskóla, sérfræðingur á sviði fatlana barna og sérfræðingur skóla- og frístundasviðs á sviði sérkennslumála

Reglur um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla

2. Útskrift úr Klettaskóla

- Útskrift að loknu grunnskólanámi:
 - Hefja skal gerð áætlunar um skólaskil ekki síðar en í 9. bekk.
 - Að mótun og gerð áætlunarinnar koma kennarar nemandans í Klettaskóla, fagaðilar um nám hans og skólagöngu innan og/eða utan skólans, nemandinn sjálfur og foreldrar hans.
 - Í áætluninni skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans og skulu koma fram upplýsingar um skólagöngu hans, náms- og félagslega stöðu, einstaklingsnámskrá, áform hans um frekara nám og áhugamál.
 - Í áætluninni skal koma fram hvernig vali á framhaldsnámi/skóla er háttað, kynningum á þeim möguleikum sem fyrir hendi eru og aðlögun í nýjan skóla.

- Útskrift úr Klettaskóla í annan grunnskóla
 - Telji fagfólk skólans að nemandi fái betur notið náms og kennslu við hæfi í almennum grunnskóla skulu foreldrar upplýstir um það.
 - Sé tekin ákvörðun um að flytja nemanda í annan grunnskóla meðan á grunnskólagöngu stendur skal gera áætlun um skólaskil og aðlögun í nýjan skóla
 - Að mótun og gerð áætlunarinnar koma kennarar nemandans í Klettaskóla, fagaðilar um nám hans og skólagöngu innan og/eða utan skólans, kennari/sérkennari í nýjum heimaskóla, nemandinn og foreldrar hans.
 - Í áætluninni skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans og skulu m.a. koma fram upplýsingar um skólagöngu hans, náms- og félagslega stöðu, einstaklingsnámskrá, virkni og líðan. Í henni skal einnig vera áætlun um aðlögun í nýjan skóla og eftirfylgd með nemandanum frá Klettaskóla.
 - Verði ágreiningur um útskrift úr Klettaskóla í almennan grunnskóla tekur skólastjóri Klettaskóla endanlega ákvörðun sbr. 21. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 584/2010.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 11. janúar 2016
SFS2016010028
91. fundur / fskj. 4.1
HG/gst

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Reglur um innritun og útskrift nemenda í Klettaskóla

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 585/2010, með síðari breytingum, um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla skulu sveitarfélög sem reka sérskóla eða önnur sérúrræði setja reglur um innritun nemenda, svo og reglur um útskrift eða lok slíkrar aðstoðar þar sem gerð er grein fyrir aðkomu og mati fagaðila. Heimilt er að ákveða í slíkum reglum að ráð skipað fagaðilum skuli gera tillögu til skólastjóra um innritun og/eða útskrift nemanda úr sérskóla eða sérúrræði.

Klettaskóli hefur starfað eftir reglum um innritun og útskrift nemenda í Klettaskóla frá 25. janúar 2013.

Með breytingu á framangreindri reglugerð er sveitarfélögum gert skylt að endurskoða núverandi reglur um innritun og útskrift og senda ráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok 2015.

Skóla- og frístundasvið hefur í samráði við Klettaskóla endurskoðað reglur skólans um innritun og útskrift og leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á kafla 1 Innritun í Klettaskóla:

- Í lið 2 er umsóknarfrestur færður fram um tvær vikur, frá 15. mars til 1. mars. Þetta er gert til að fyrr sé ljóst í hvaða skóla nemandi sem er að hefja skólagöngu fer en inntaka hefur oft á tíðum ekki legið fyrir fyrr en mjög seint að vori. Það er mjög óheppilegt varðandi vinnu leik- og grunnskóla við skólaskil barna. Einnig fer innritun 6 ára barna almennt fram í febrúar og því mikilvægt fyrir foreldra að ljóst sé fyrr í hvaða skóla barnið fer. Að auki er þessi dagsetning færð fram til samræmis við umsóknarfrest í sérdeildir fyrir einhverfa nemendur.
- Í lið 3 bætist við „Allar athuganir fagráðs skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra sem skulu hafa samráð við barn sitt að teknu tilliti til aldurs þess og þroska.
- Í lið 3, a, ii bætist við: „Gæta skal þess að nemandinn eigi þess kost að tjá sig um niðurstöður matsins og koma á framfæri sjónarmiðum sínum sem kostur er.“ Viðbótin er til samræmis við 20. gr. ofangreindrar reglugerðar.
- Í lið 3, b, iv er frestur fagráðs um innritun til að leggja fram tillögur sínar færður fram um 10 daga, frá 25. apríl til 15. apríl ár hvert.
- Í lið 4, a, iii bætist „Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir..“

- Í lið 4, a, iv bætist við nýr liður: „Sé umsókn synjað þar sem plássleysi í skólanum hamlar skal foreldrum gefinn kostur á að halda umsókn sinni inni í skólanum virkri til umfjöllunar síðar.

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á kafla 2 Útskrift úr Klettaskóla:

- Í lið 2, b breytist orðalag þannig að „Ákveði foreldrar að flytja barn sitt í annan grunnskóla meðan á grunnskólagöngu stendur skal gera..... „ breytist í „Sé tekin ákvörðun um að flytja nemanda í annan grunnskóla meðan á grunnskólagöngu stendur skal gera.....“ Þetta er lagt til til samræmis við 21. gr. ofangreindrar reglugerðar sem fjallar um ágreining um skólavist.
- Við bætist einn liður aftast í lið 2 um útskrift úr Klettaskóla liður 2, e: „Verði ágreiningur um útskrift nemanda úr Klettaskóla í almennan grunnskóla tekur skólastjóri Klettaskóla endanlega ákvörðun sbr. 21. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 584/2010. Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af álitum sérfræðinga og foreldra og með heildarhagsmuni barnsins að leiðarljósi. Ávallt skal reyna til þrautar að ná samkomulagi milli foreldra, skóla og sérfræðinga. Foreldrum nemanda skal gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og andmælum áður en ákvörðun er tekin um að færa nemanda í annan grunnskóla. Sé ákvörðun tekin um að flytja nemanda í annan grunnskóla skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra og upplýsa þá um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.
- Í lok kaflans bætist við:

„Reglurnar eru settar á grundvelli 20. greinar reglugerðar nr. 585/2010, sbr. einnig reglugerð nr. 148/2015, um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

Lagt er til að reglurnar taki gildi 15. mars 2016. Frá sama tíma falli úr gildi reglur um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla frá 25. janúar 2013.



Helgi Grímsson
sviðstjóri Skóla- og frístundasviðs
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 02.02.2016


Umsögn Skólaráðs Klettaskóla varðandi reglur um innritun og útskrift nemenda

Fundur var haldinn í skólaráði Klettaskóla 1. febrúar 2016. Þar voru lögð fram til umsagnar drög að reglum um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla. Áður hafði verið fjallað um drög að inntökureglum á fundi skólaráðs þann 12. janúar 2016 og voru ekki gerðar athugasemdir við þau drög sem þá lágu fyrir.

Nokkur umræða varð um nýtt ákvæði þ.e. kafla 1, 3. gr. b lið. Í umræðum kom fram að forgangsröðun við inntöku geti verið mjög vandasöm og umdeild. Einnig voru nokkrar umræður um hvernig meta ætti hve hamlandi fötlun umsækjanda væri. Spurningar komu fram um hvort sett yrðu viðmið sem fara ætti eftir þegar umsóknir eru teknar fyrir og hvort fagrád um innritun setji þessi viðmið áður en inntaka fer fram.

Einnig bentu fundarmenn á dæmi þess að t.d. aðstæður í heimaskóla nemenda varðandi aðgengi o.fl. gætu verið mjög hamlandi fyrir t.d. nemanda með hreyfihömlun og hvort slíkir þættir ættu að koma inn í mat fagráðs.

Virðingarfyllt



Árni Einarsson

Skólastjóri Klettaskóla



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

SFS2016010028
96. fundur / fskj. 1.6

 **Klettaskóli**
- menntun fyrir lífið

Helgi Grímsson
sviðstjóri Skóla- og frístundasviðs
Borgartún 12-14
105 Reykjavík


Reykjavík, 02.02.2016

Umsögn foreldrafélags Klettaskóla vegna reglna um innritun og útskrift nemenda

Foreldrafélag Klettaskóla gerir ekki athugasemdir við breytingar á inntökureglum.

Sjá nánar meðfylgjandi tölvupóst frá formanni foreldrafélags Klettaskóla.

Virðingarfyllst



Árni Einarsson

Skólastjóri Klettaskóla

Árni Einarsson

Efni: FS: Skólaráðsfundur v/breyting á inntökureglum 1.feb.12:00

From: Þórir Jónsson Hraundal [<mailto:thorir@hi.is>]
Sent: 1. febrúar 2016 15:45
To: Árni Einarsson
Subject: Re: Skólaráðsfundur v/breyting á inntökureglum 1.feb.12:00

Sæll Árni,

og afskakaðu svarleysið. Ég komst ekki á fund í dag vegna kennslu en eftir því sem ég fæ best séð, og eftir því sem ég hef náð í fólk, sýnist mér ekkert okkar í stjórn foreldrafélagsins gera athugasemd við breytingar.

Það má þá bóka það næsta fundi ykkar.

bestu kveðjur
Þórir

>

>

> Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum:

> <http://www.reykjavik.is/trunadur>

>

> Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.